

# 161. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

161. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2006-2010 haldinn mánudaginn 12. apríl 2010 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00

Mætt:

Þorvaldur Guðmundsson, formaður, B-lista,  
Sigurður Ingi Andrésón, nefndarmaður V-lista,  
Guðni Torfi Áskelsson, nefndarmaður S-lista,  
Elfa Dögg Þórðardóttir, nefndarmaður D-lista,  
Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður D-lista,  
Guðmundur Elíasson. framkvæmdastjóri,

Dagskrá:

1. 1004053 – Ársreikningur Selfossveitna 2009

Ólafur Gestsson endurskoðandi kynnti ársreikning Selfossveitna. Reikningurinn var samþykktur og undirritaður.

2. 1004055 – Ósk um hitaveitutengingu í Jórvík og Grundabæi

Framkvæmdastjóra er falið að gera tillögu að reiknireglu fyrir heimtaugar hitaveitu í dreifbýli. Tenging hitaveitu á þessum stöðum verði tekin fyrir við gerð næstu fjárhagsáætlunar.

3. 1002010 – Fundartími Framkvæmda- og veitustjórnar 2010

Næsti fundur Framkvæmda- og veitustjórnar verður haldinn fimmtudaginn 20. maí kl. 17:00

#### 4. 1004052 – Aukið rekstrarfé fyrir Selfossveitur 2010

Til að auka rekstraröryggi leggur Framkvæmda- og veitustjórn til við bæjarráð að Selfossveitur fái aukið rekstrarfé um 6,5 milljón árið 2010. Framkvæmdastjóra er falið að leita eftir samvinnu við aðrar veitur um uppbyggingu varahlutalagers.

#### 5. 0903006 – Tillaga að breyttri gjaldskrá fyrir gámasvæði

Gjaldskrártillagan var borin undir atkvæði og samþykkt með 3 atkvæðum gegn einu mótatkvæði Elfu Daggar Þórðardóttur. Ingvi Rafn Sigurðsson sat hjá.

#### 6. 1002011 – Framkvæmdalisti 2010

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu verkefna í sveitarfélaginu.

#### 7. 1002012 – Íbúapróun 2010

Árborg: Fjöldi íbúa í dag: 7816

Selfoss: 6496

Sandvík: 217

Eyrarbakki og dreifb.: 565

Stokkseyri og dreifb.: 531

Óstaðsettir: 7

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 18:10

Þorvaldur Guðmundsson  
Sigurður Ingi Andrésen  
Guðni Torfi Áskelsson  
Elfa Dögg Þórðardóttir

Ingvi Rafn Sigurðsson  
Guðmundur Elíasson